



Reykjavík 27.08.2018

Hafrannsóknarstofnun  
Hr. Sigurður Guðjónsson, forstjóri  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík

**Efni: Ósk um upplýsingar vegna fyrirhugaðs tilraunaeldi með frjóan norskan lax í Ísafjarðardjúpi.**

Þann 5.júlí síðastliðin birtist fréttatilkynning á vef Hafrannsóknarstofnunar um allt að 3000 tonna tilraun á eldi frjórna norskra laxa í Ísafjarðardjúpi. Landssamband veiðifélaga lýsir yfir furðu sinni á þessari tilraun Hafrannsóknarstofnunar sem áformað er að fari fram í hafssvæði þar sem verulega hefur verið deilt um hvort leyfa skuli eldi frjórna laxa.

Af þessu tilefni óskar LV eftir svörum við eftirfarandi spurningum.

1. Samkvæmt tilkynningu stofnunarinnar stendur til að vakta umhverfisþætti sérstaklega. Hefur Hafrannsóknarstofnun vaktað umhverfisþætti í því eldi sem nú er rekið á Vestfjörðum og þá hvernig og í hvaða mæli? Ef ekki hvers vegna?
2. Hvernig mun stofnunin standa að vali á samstarfsaðila á fyrirhugaðri rannsókn? Hafa farið fram viðræður við eldisfyrirtækið *Háafell ehf.* um þetta tilraunarverkefni?
3. Hver er áætlaður kostnaður við fyrirhugað tilraunaverkefni?
4. Hefur verið leitað til þeirra fyrirtækja sem nú þegar eru með umfangsmikið sjókvíaeldi á laxi um samstarf á eldissvæðunum vegna fyrirhugaðs tilraunaeldis. Ef ekki hvers vegna?
5. Telur stofnunin að takmörkuð eldisrannsókn í Ísafjarðardjúpi sé líkleg til að skila raunhæfum niðurstöðum sem byggja megi ákvarðanir um tugþúsunda tonna eldisleyfi á frjóum laxi í Ísafjarðardjúpi?
6. Getur verið að svo takmörkuð eldisrannsókn gefi ómarktækar og misvísandi niðurstöður ef þær eiga að vera grundvöllur ákvarðana um stórfellt eldi frjórna laxa í Ísafjarðardjúpi?
7. Hvers vegna þarf að mati stofnunarinnar að vakta mögulegar göngur eldislaxa í ár við Ísafjarðardjúp? Hvers vegna er þessi tilraun ekki gerð með því að vakta ár sem renna í Arnarfjörð eða Patreksfjörð þar sem erfðablöndun hefur verið staðfest, frekar en að

taka áhættuna á verðmætum laxveiðiám sem falla í Ísafjarðardjúpi? Skortir einhverja sérstaka þekkingu í þessum efnum?

8. Er ekki líklegt að sleppingar eldisfisks úr tilraunaeldi verði mun minni en í raunverulegu eldi. Er ekki í rauninni verðið að búa til aðstæður sem gefa rangar niðurstöður. Hvers vegna er það ekki hluti fyrirhugaðrar tilraunar að fylgjast með raun sleppingum úr raunverulegu þauleldi sem nú rekið er í hagnaðarskyni?
9. Stundar Hafrannsóknarstofnun rannsóknir á lúsasýkingum á laxfiskum þar sem nú er rekið laxeldi í hagnaðarskyni í dag? Mun það ekki gefa ranga mynd af afleiðingum af lúsamengunar í stórfeldu laxeldi eldi að fylgjast með lúsasýkingum þar sem eldið er aðeins 3.000 tonn eða minna. Er ekki einfaldara og meira aðkallandi að fylgjast með umfangi lúsasýkinga á laxi, bleikju og sjóbirting á Suðurfjörðum Vestfjarða þar sem eldið nær bráðum 50.000 tonnum?

Landssamband veiðifélaga lýsir eindreginni andstöðu sinni vegna fyrirætlunar Hafrannsóknarstofnunar sem kynnt hefur verðið sem tilraunaverkefni í Ísafjarðardjúpi.

Allir þeir þættir sem þar er áformað að rannsaka og gera tilraunir með eiga að vera stofnuninni kunnir þar sem slíkar rannsóknir hafa verðið stundaðar í Noregi um árabíl og kynntar og ræddar opinberlega á Íslandi. Því vaknar sú spurning hvaða niðurstöður það eru, sem ekki eru þekktar nú þegar og stofnunin hyggst afla með tilraun sinni í Ísafjarðardjúpi.

Landssamband veiðifélaga telur að leggja beri höfuðáherslu á rannsóknir og þróun geldstofna fyrir laxeldi á Íslandi. Slíkar tilraunir verða best framkvæmdar, og ódýrastar, á þegar heimiluðum eldissvæðum og í samvinnu við þau fyrirtæki sem nú eru starfandi. Notkun geldstofna er eina tryggja leiðin svo koma meg í veg fyrir að íslenskum villtum stofnum verði spillt í framtíðinni með erfðablöndun af völdum laxeldis í opnum sjókvíum.

Landssambandið varar eindregið við því að fjármunum verði sóað í tilgangslítið verkefni sem jafnframt kann að villa um fyrir þeim stofnunum sem taka lögum samkvæmt ákvarðanir um eldisleyfi á frjóum laxi í sjó við Ísland.

Er þess vænst að svör við framangreindu berist hið fyrsta.

Virðingarfyllst,

  
Jón Helgi Björnsson,

formaður LV